

Nd.

501. L Ö G

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

(Afgreidd frá Nd. 23. ágúst).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, [s. d.]), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912 eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.